

112. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Elías Ólafsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Yngvar Halldórsson, Már Karlsson og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 5. október 2009 kl. 14:30.

Þetta gerðist

1. Haustráðstefna í samstarfi við FUMÍ.
GBF gerði grein fyrir undirbúning ráðstefnu í samstarfi við FUMÍ. Fundum hefur verið frestað vegna veikinda og undirbúningur því dregist. GTO hefur rætt við Mjólkursamsöluna um þátttöku en þeir hafa sýnt þema ráðstefnunnar áhuga. Hugsanlega verða tvö “session”, annað um ecodesign til að laða að fyrirtæki í framleiðslu og hitt um loftslagsmál. Rætt um að mikilvægt sé að ráðstefnan verði ekki á próftíma stúdenta. Æskilegt er að þátttökugjöld standi undir kostnaði við ráðstefnuna.
2. Félagsaðild
Rætt um breytingar á félagsaðild. Fiskifélagið er hugsanlega á leið út en stjórnin telur mikilvægt að í fagráðinu sé fulltrúi frá sjávarútveginum.
3. Kvöldfundur með Gunnel Klingberg
GTÓ er búinn að ræða óformlega við Lúðvík um að fá Gunnel á fund. Ferðaplön hennar eru óljós. Rætt um efni kvöldfundar, ræða mætti WEEE mál og endurskoðun úrgangstilskipunar ESB. Stefnt á að halda fundinn á Grand Hótel.
4. Fenúrfréttir
Gefa þarf út fréttablaðið fyrir ráðstefnuna, eftir kvöldfundinn. Rætt um hugsanlegt efni blaðsins, m.a. grein um kvöldfundinn, fyrirhugaða ráðstefnu, breytta samninga fyrir Fenúrmerkin, frétt um aðalfund ISWA og landsáætlunina.
5. Gjaldskrá Fenúrmerkja
Stefnt er að nýjum samningi við Logoflex. Rætt um að afnema afslátt stofnfélaga en taka frekar upp 5% afslátt fyrir Fenúrfélaga og einnig magn-/viðskiptatengdan afslátt.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson